

**625. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 19. desember 2023  
og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

**AUKAFUNDUR**

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 625 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Tálknafjörður - Úthlutun byggðakvóta 2023-2024 - 2312004**

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 01.12.2023 þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðarkvóta á fiskveiðiarinu 2023/2024. Úthlutun til Tálknafjarðar á fiskveiðiarinu 2023/2024 er 285 þorskígildistonn. Sveitarfélögum er gefinn frestur til 29.12.2023 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur.

Mál frá 624. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.12.2023.

Aðalfulltrúarnir Lilja Magnúsdóttir, Guðlaugur Jónsson, Jenný Lára Magnadóttir og Jón Ingi Jónsson vöktu athygli á vanhæfi sínu til að fjalla um málið og viku af fundi við afgreiðslu þess.

Sæti þeirra við afgreiðslu þessa máls tóku varafulltrúarnir Magnús Óskar Hálfðásson, Jónas Snæbjörnsson og Fjölur Freysson.

Varaoddviti, Jóhann Örn Hreiðarsson, tók við stjórn fundarins undir þessum dagskrárlíð.

*Samþykkt samhljóða að sótt verði um að óbreyttar sérreglur verði fyrir Tálknafjörð vegna byggðakvóta fiskveiðiaríð 2023/2024 frá fyrra fiskveiðiarí með þeirri viðbót að breyting verði á 3. mgr. 6 gr. reglugerðar á þann veg að þá daga sem fiskvinnsla sér sér ekki fært að taka á móti afla í vinnslu verði heimilt að bjóða afla upp á fiskmarkaði.*

**2. Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk - 2308091**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 16.12.2023 þar sem kemur fram að fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.

Í ljósi þessa er eftirfarandi tillaga lögð fram til sveitarstjórnar til afgreiðslu:

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, er lagt til að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykki að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.

*Framlögð tillaga er samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum og því verður útsvarsprósenta í Tálknafjarðarhreppi 14,97% á árinu 2024.  
GJ situr hjá.*

**3. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi - 2208076**

Tillaga að uppfærðri Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til síðari umræðu.

Mál áður á dagskrá við fyrri umræðu á 624. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.12.2023.

*Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi er samþykkt samhljóða.*

**4. Sveitarstjórnarkosningar 2024 - 2312017**

Tillaga undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarhrepps til bæjarstjórnar Vesturbyggðar og sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps að dagsetning kjördags í sveitarstjórnarkosningum í sameinuðu sveitarfélagi verði 4. maí 2024.

Mál frá 2. fundi undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarhrepps sem fór fram 15.12.2023.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum að dagsetning kjördags í sveitarstjórnarkosningum í sameinuðu sveitarfélagi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps verði 4. maí 2024.  
GJ greiðir atkvæði á móti.*

**5. Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd - 14 - 2312002F**

Fundargerð 14. fundar íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 05.12.2023.

Frestað mál frá 624. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 12.12.2023.

*Fundargerðin er staðfest með fjórum greiddum atkvæðum.  
JLJ situr hjá.*

5.1 2308091 - Fjárhagsáætlun 2024-2027

**6. Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024-2027 - 2311109**

Samþykkt fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024-2027 með greinargerð og fjárfestingaráætlunin lögð fram í samræmi við 121 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

*Lagt fram.*

**7. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi) - 2312040**

Umsögn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 12.12.2023 um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi), 348. mál.

*Lagt fram.*

**8. Fundargerðir undirbúningsstjórnar - 2312027**

Fundargerð 2. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og

625. fundur  
20.12.2023

Táknafjarðarhrepps sem fór fram 14.12.2023.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:45.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)